



Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

5.maí 2012

Mættir:

Haraldur Eyvinds - formaður

Gunnar Gíslason - handknattleiksdeild

Haldór Eyjólfsson - knattspyrnudeild

Andri Sigfússon - íþróttafulltrúi

Kristín Finnbogadóttir - framkvæmdastjóri

Óskar Hrafn Þorvaldsson - meðstjórandi

Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir - fimleikadeild

Borghildur Erlingsdóttir - kraftlyftingadeild

Guðrún Kaldal - varaformaður

Guðjón Norðfjörð og Unnur Halldórsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð seinasta fundar
2. Yfirlit deilda
3. Hlutfall barna í Gróttu úr Grunnskóla Seltjarnarness
4. Önnur mál

Fundur var settur kl. 18:09

1. Fundargerð seinasta fundar

Fundargerð seinasta fundar lesin og farið yfir mál sem standa út af borðinu

2. Yfirlit deilda

Handknattleiksdeild

Deildin hélt golfmót með knattspyrnudeildinni og heppnaðist það vel. Búið að endurnýja samning Ómar Örn Jónsson meistaraflokksþjálfara kvenna. Ráðningar yngri flokka eru í fullum gangi og er stór hluti kominn. Leikmannamál eru langt komin. Meistaraflokkar stefna á æfingaferð í haust.

Knattspyrnudeild

Sumarið fer vel af stað. Meistaraflokkur er búinn að vinna sinn fyrsta heimaleik í bongóblíðu. Yngri flokkarnir á góðu róli. Búið er að stofna barna- og unglingaráð hjá deildinni en öflugt fólk er starfandi þar. Þjálfaramál fyrir næsta ár er í vinnslu. Sumarnámskeiðin hefjast á morgun og er skráningin mjög góð, sérstaklega undanfarin ár. Reyna að gera starfið enn betur en í fyrra og hluti af því er að fá vottun KSÍ fyrir fótboltaskólann.

Fimleikadeild

Deildin fékk styrk frá bænum vegna áhaldakaupa. Sumarnámskeiðin að hefjast. Meistarahópurinn í áhaldafimleikum er á leið í æfingaferð og keppir í framhaldið í Hollandi.





Kraftlyftingadeild

Fjórir keppendur eru að fara í bekkpressumót hjá Breiðablik í júní. Guðrún Gróa er á leið á Evrópumót unglinga fyrir hönd Íslands. Bekkpressumót verður haldið í október í samvinnu við Zetorana.

3. Hlutfall barna í Gróttu úr Grunnskóla Seltjarnarness

Umræður um nýútkomna skýrslu AS sem var send til aðalstjórnar. Aðalstjórn sammála um að kynna skýrsluna til fjölmiðla og á heimasíðu félagsins. AS fer í það.

4. Önnur mál:

Íslandsbankasamningur:

Búið er samþykkinga drög. Skrifað verður undir samninginn formlega á Gróttudaginn í lok samning.

Gróttudagur:

Umræður um að seinka deginum um eina viku vegna þess að starf handknattleiksdeildar og fimleikadeildar er ekki hafið. Tímasetning verður fundin fljótlega.

Fundur með bæjó:

Aðalstjórn hitti forsvarsmenn bæjarins. Umræður um fundinn.

Gróttuball í haust:

GG ætlar að heyra í UH varðandi Gróttuball í haust. HE vill að þetta verði samvinnuverkefni knattspyrnu- og handknattleiksdeildar. Tímasetning verður fundin fljótlega.

Tímar í íþróttahúsi:

Senda á Guðlaugu skólastjóra, Baldur fræðslustjóra, Hauk íþrótt- og tómsfundafulltrúa, Sigrúnu Eddu formann skólanefndar og Lárus formann ÍTS um að æfingatöfluggerð Gróttu væri hafin og að yngstu krakkar gætu hafði æfingar strax að skóla loknum. Í fyrra hefði það að hluta til farið forgörðum en vildum að slíkt yrði lagað með haustinu.

Aðalstjórn er samþykkt beiðni AS um að senda póst til ÍTS og Hauks Geirmundssonar um aukin afnot Gróttu af íþróttamannvirkjum næsta vetur.

Leyfi:

ÓHP tilkynnti að þetta yrði hans seinasti fundur í bili þar sem hann væri að flytja til Bretlands tímabundið. Ákveðið að boða til aukaaðalfundar í ágúst og kjósa tvo varamenn í aðalstjórn félagsins. Annar þeirra myndi taka sæti ÓHP á meðan hann væri úti.

Fundi slitið 21:14

